

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. júlí 2024
Málsnúmer: 202406-0061
LA

Efni: Umsögn um nýtingarleyfi á fersku grunnvatni við Gileyri í Tálknafirði

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 27. júní 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umsókn Arnarlax um nýtingarleyfi á fersku grunnvatni vegna eldisstöðvar á Gileyri, Tálknafirði.

Fram kemur í bréfi frá Arnarlax að umsóknin snúist um að hafa nýtingarleyfi á holum og læk sem eru nú þegar í notkun og að ekki er sótt um meiri vatnsnýtingu en verið hefur.

Í matsskyldufyrirspurn Arnarlax frá júní 2022 kemur fram að eftir stækkun seiðaeldisstöðvar verði vatnsnotkun að meðaltali um 298,75 l/s á mánuði og að stækkun eldisstöðvar muni ekki leiða til aukinnar grunnvatnsnýtingar.

Út frá þessum upplýsingum gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við umsókn Arnarlax um nýtingarleyfi á fersku grunnvatni við Gileyri.

Virðingarfyllst,

Lovisa Ásbjörnsdóttir

Lovisa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

